

✉ Re: Umsagnarbeiðni - umsókn um nýtingarleyfi á jarðhita við Skógalón í Öxarfirði

Búið til	30.9.2021 16:14:03
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	30.9.2021 16:14:02
Tilheyrir	📁 202109-0009 - Umsókn um nýtingarleyfi á jarðhita við Skógalón í Öxarfirði

Efni

Re: Umsagnarbeiðni - umsókn um nýtingarleyfi á jarðhita við Skógalón í Öxarfirði

Upplýsingar

Sent	30.9.2021 16:14:02	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	mariag@os.is

Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202109-0009 (SS).

Vísað er í bréf frá Orkustofnun dags. 8.9.2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs um nýtingu jarðhita við Skógalón í Öxarfirði.


Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umsóknina og meðfylgjandi gögn og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Skógalón er staðsett á norðanverðum Austursandi í Öxarfirði. Á Austursandi er jarðhita að finna og hefur hann verið nýttur um nokkurt skeið. Á Austursandi eru tvö megin nýtingarsvæði og er svæðið við Skógalón eitt þeirra. Þó um lághitasvæði sé að ræða virðist magn af heitu vatni vera umtalsvert og nýting á því verið frekar lítil þannig að ekki er ástæða til að óttast ósjálfbæra nýtingu jarðhitans að svo stöddu. Samkvæmt 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013 ber að forðast að raska hverum og öðrum heitum uppsprettum ásamt lífríki þeirra sem og virkri ummyndun og útfellingum. Jarðhitamyndanir á yfirborði eru þekktar á jarðhitasvæðum á Austursandi en við Skógalón flæðir yfir borholusvæðið í leysingum þannig að ummyndanir á yfirborði varðveitast síður. Þá hefur yfirborð jarðhitasvæðisins nú þegar orðið fyrir raski vegna eldri borholustæða. Ólíklegt er því að frekari jarðhitanyting við Skógalón valdi nýju eða varanlegu raski á jarðhitasvæðinu. Mikilvægt er að forðast rask á jarðhitamyndunum á yfirborði við framkvæmdir tengdar jarðhitanytingunni t.d. flutningi vatns og gufu út af svæðinu.


Austursandur er þungamiðja flóðsléttu Jökulsár á Fjöllum í Öxarfirði og svæðis sem Náttúrufræðistofnun Íslands skilgreinir sem mikilvægt fuglasvæði. Svæðið var á Náttúruverndaráætlun 2004-2008 en ekki hefur enn komið til friðlýsingar fuglabúsvæða eins og stóð til. Öxarfjörður er enn fremur ein af tillögum Náttúrufræðistofnunar fyrir B-hluta náttúruminjaskrár og er svæðið tilnefnt vegna fugla. Mjög ríkt fuglalíf er á Austursandi og árið 2009 fundust þar við athuganir 36 tegundir sem taldar voru verpa á svæðinu. Þar eru m.a. mikilvæg varplönd skúms, kjóa, svartbaks og lóms. Á nýjasta valista Náttúrufræðistofnunar fyrir fugla sem gefinn var út árið 2018 er skúmur skilgreind sem tegund í bráðri hættu en skúmsvarpið á Austursandi er það eina á norðanverðu landinu. Þá eru bæði kjói og svartbakur skilgreindir sem tegundir í hættu. Einnig er nokkuð kríuvarp á svæðinu en kría telst vera í nokkurri hættu. Austursandur er því mikilvægt búsvæði fyrir tegundir sem standa höllum fæti og það ber að taka alvarlega að mati Náttúrufræðistofnunar. Varp svartbaks, lóms og kjóa er þekkt nálægt Skógalóni og þar eru einnig búsvæði andfugla og vaðfugla t.d. óðinshana. Sjá meðfylgjandi kort. Allar framkvæmdir er tengjast nýtingu jarðhita á svæðinu þurfa að taka tillit til þessa og forðast með öllu að valda raski á varplöndum fugla eða trufla þá á einhvern hátt.



3. mynd. Varpútbreiðsla kjóa (grænt) og skúms (rautt) á Austursandi við Öxarfjörð árið 2009. – *The breeding distribution of Arctic Skua (green) and Great Skua (red) in Austursandur, NE-Iceland, in 2009.*



4. mynd. Varpútbreiðsla svartbaks á Austursandi við Öxarfjörð árið 2009. – *The breeding distribution of Great Black-backed Gull in Austursandur, NE-Iceland, in 2009.*



5. mynd. Varpútbreiðsla lóms á Austursandi við Öxarfjörð árið 2009. – *The breeding distribution of Red-throated Diver in Austursandur, NE-Iceland, in 2009.*

Útbreiðslukort kjóa, skúms, svartbaks og lóms á Austursandi. Tekið úr „Fuglar á Austursandi við Öxarfjörð. 2013. Þorkell Lindberg Þórarinnsson o.fl. Bliki“.

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "María Guðmundsdóttir" <mariag@os.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC: "Harpa Þórunn Pétursdóttir" <harpa@os.is>
Subject: Umsagnarbeiðni - umsókn um nýtingarleyfi á jarðhita við Skógalón í Öxarfirði
Date: 8.9.2021 11:14:24

Góðan dag

Sjá meðfylgjandi umsagnarbeiðni og fylgiskjöl.

Óskað er eftir að umsögn berist fyrir 30. september nk.

Frumrit bréfs hefur verið póstlagt.

Bestu kveðjur/Best regards

María



María Guðmundsdóttir

Sérfræðingur – Jarðhitanýting/

Specialist – Geothermal Utilisation

Orkustofnun/National Energy Authority

Orkugarður, Grensásvegur 9

108 Reykjavík

Iceland

Tel: +354 569 6000

<http://www.os.is/> (<http://www.os.is/>) <http://www.nea.is> (<http://www.nea.is/>)

Fyrirvari | Disclaimer: <http://www.os.is/disclaimer> (<http://www.os.is/disclaimer>)

Hugsaðu um umhverfið áður en þú prentar út þessi skilaboð./

Think of the environment before printing this message.

Viðhengi

image003.png (623 KB)

image004.png (5 KB)

image001.jpg (11 KB)

image002.png (325 KB)